



Fundargerð

15. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í Hlíðargerði 4 miðvikudaginn 8. febrúar 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir

Formaður setti fund klukkan 20:10 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 13 samþykkt, fundargerð 14 samþykkt. Val á keppnisliði Íslands á NM innanhúss 2017. Tillaga ÍPA samþykkt rafrænt milli funda með ábendingum um að tillagan hefði mátt vera komin mun fyrir fram. Stefnumörkun um unglingamál (sjá síðar) og ráðning framkvæmdastjóra (sjá síðar) afgreidd rafrænt.

2. Stefnumörkun um unglingamál

Stefnumörkun Unglinganefndar varðandi skipulag unglingamála sem og þátttöku erlendis, var kynnt og samþykkt af stjórn FRÍ milli funda. Stefnumörkun þessi var einnig kynnt á fundi sem unglinganefnd hélt með iðkendum í úrvalshópi, foreldrum og þjálfurum 4. febrúar í Laugardalshöll.

3. Málefni KFA

Greinargerð laganeftar vegna stofnunar frjálsþróttadeildar innan Kraftlyftingafélags Akureyrar (KFA), sem hefur ákveðið að breyta sér í fjölgreinafélag. Greinargerðin var lögð fram og kynnt. Stjórn FRÍ tekur undir sjónarmið laganeftar. Málið er á borðum ÍBA og ÍSÍ, félagskipti í KFA verða ekki skráð fyrir en fyrir liggur formleg afstaða ÍBA og ÍSÍ.

4. Ráðning framkvæmdastjóra og önnur starfsmannamál

Ráðning Guðmundar Karlssonar sem framkvæmdastjóri FRÍ hefur verið samþykkt í samræmi við ákvörðun á síðasta stjórnarfund. Framkvæmdastjóri kemur til starfa í apríl. Ráðningin hefur verið tilkynnt í fjölmiðlum.

Verkefnastjóri FRÍ er enn að störfum hið minnsta fram að komu framkvæmdastjóra. Stjórn FRÍ mun auglýsa eftir sumarstarfsmanni sem allra fyrst. Málið er hjá skrifstofunefnd.

5. Málefni Öldunga

A: Erindi frá Öldungaráði vegna NM innahúss á Íslandi 2019

Stjórn FRÍ tekur erindinu vel og vísar áfram innan FRÍ til nýs framkvæmdastjóra til úrvinnslu.

B: Erindi frá forseta Evrópusambandi Öldunga varðandi EM Non Stadia 2020

Formanni falið að fylgja þessu eftir.



C: Konur 30 ára í 35 ára

Tengilið stjórnar við laganefnd falið að óska eftir að laganefnd kanni og leggi fram skoðun á breytingum á aldursmörkum kvenna sem öldungar. Rýni laganefndar verður sent öldungaráði til umsagnar.

6. Erindi frá Langhlaupanefnd varðandi val á liði Íslands á HM í utanvegahlaupum
Lagt fram minnisblað Langhlaupanefndar, en hlaupið er haldið í júní. Stjórn FRÍ samþykkti val nefndarinnar enda unnið eftir samþykktu verklagi við val í slík verkefni. Keppendur verða í íslenskum keppnisbúningi og verður send út fréttatilkynning af hálfu FRÍ innan skamms.

Keppendur standa sjálfir straum af öllum kostnaði en ef einhver endurgreiðsla kemur til frá IAAF rennur sú upphæð til keppenda.

7. Uppgjör árs 2016 og fjárhagsáætlun 2017

Framhald umræðu. Ritað hefur verið bréf til EAA varðandi Evrópubíkarkeppni landsliða, en skv. svari frá EAA hefur verið dregið út styrkjum og líklega verður aðeins 60% endurgreiðsla fyrir 30 manns.

Umræða um skiptingu styrks til afrekshópa ungmenna í kjölfar fyrirspurnar frá UN. Tengiliður stjórnar við Unglinganefnd svarar nefndinni.

Fjárhagsáætlun FRÍ 2017 rædd: Skrifstofuhópurinn fundar sérstaklega til að ljúka fullnaðardrögum af áætlunni.

8. Erlendar keppnisferðir 2017, viðmið, vinnubrögð, kostnaðarpátttaka og regluverk

Framhald umræðu um erlendar keppnisferðir. Það á eftir að ganga frá viðmiðum og verklagi við val fyrir EM innanhúss og Vetrarkastmótið. Óskað verður eftir að ÍÞA komi með sitt álit. Birt á heimasíðu FRÍ í kjölfarið. Skrifstofunefnd mun fjalla um kostnaðarpátttöku varðandi EM.

9. Viðmið vegna utanlandsmóta 2017, leiðbeinandi reglur

ÍÞA og UN eru með verkefnið hjá sér í 2. yfirllestri, en ábendingar verða teknar saman og sendar stjórn til loka umsagnar og síðan birtingar.

10. RIG uppgjör

Gróft fyrsta fjárhagsuppgjör gefur til kynna að RIG hafi komið jákvætt út.

11. Umræður um RIG

Vel tókst til á mótsdegi. Jákvætt samtal við erlenda íþróttamenn og eftirlitsdómara. Starfsmönnum verður sendur þakkarpóstur og gerð verður könnun meðal þeirra varðandi það sem betur má fara í aðdraganda móts og á mótsdegi. Rætt um fleiri atriði sem komu vel út eða máttu betur fara.



Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:10. Ritun fundargerðar: Fríða Rún Þórðardóttir.